

AUGLÝSING**27**

7. apríl

um að Ísland hafi fullgilt alþjóðasamninginn um hraðsambönd, sem gerður var í Madrid þann 9. desember 1932.

Þann 9. marz 1934 var spönsku ríkisstjórninni afhent fullgildingarskjal Íslands að alþjóðasamningnum um hraðsambönd, sem gerður var í Madrid þann 9. desember 1932. Jafnframt var af Íslands hálfu gefin yfirlýsing um, að Ísland fallist á reglugerðir þær og fundargerðir, sem gerðar voru í sambandi við samninginn.

Þessi alþjóðasamningur gekk í gildi þann 1. janúar 1934.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Í fjarveru forsætisráðherrans, 7. apríl 1934.

Magnús Guðmundsson.

AUGLÝSING**28**

7. apríl

um að Ísland hafi fullgilt samning Evrópuþjóða um öldulengdir útvarpsstöðva, sem gerður var í Lucerne þann 19. júní 1933.

Þann 8. marz 1934 var svissnesku ríkisstjórninni afhent fullgildingarskjal Íslands að samningi Evrópuþjóða um öldulengdir útvarpsstöðva, sem gerður var í Lucerne þann 19. júní 1933.

Samningurinn gekk í gildi þann 15. janúar 1934.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Í fjarveru forsætisráðherrans, 7. apríl 1934.

Magnús Guðmundsson.